

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Skógahverfis, 1. áfanga.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 26. september 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni nr. 16 við Seljuskóga.

Breytingin felst í að byggingarreiturinn á lóðinni við Seljuskóga 16 er dýpkaður um 50 cm til suðurs.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 21. mars 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2007